

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

89

15. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skólanefnd hvers skóla ákveður, að fengnu álitu skólastjóra og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, hvort skólinn starfar í 1 eða 2 ársdeildum og hve langur skólatíminn sé árlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

90

15. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

- a) Einstaka gripi: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.
- b) Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
- c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.
- d) Heil sauðfjárþú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

- 90** Umboðsmönnum trygginganna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem
15. des. haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi.

3. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkvæmt 3. gr., ákveður vátryggjandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattmatsverð.

Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálf skattmatsverð.

Peir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fá 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

4. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarsjóður bætir að fullu vátryggingarverð, en þó því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskort, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum. Frá bótum dragast nytjar vanhaldafénaðar eftir hæfilegu mati.

5. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og rikissjóði, og er það ekki afturkræft.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 113 13. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkissjóður greiðir í Búfjártryggingarsjóð sem óafturkræft framlag 300 þús. kr. með jöfnum greiðslum á árunum 1952, 1953 og 1954, 100 þús. kr. á ári.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.